

Fimmtudaginn 27. nóvember 1997.

Nr. 74/1997.

Jón Hjálmarsson

(Helgi Jóhannesson hrl.)

gegn

Ragnari Valgeirssyni

(Kristinn Hallgrímsson hrl.)

Ábyrgð. Fyrningarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Garðar Gíslason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. sama mánaðar og krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málinu er ekki áfrýjað af hálfu Ingimundar Markússonar.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, féllu skuldabréf þau, sem mál þetta er risið af, í gjalddaga 25. janúar 1988. Höfðaði eigandi bréfanna áskorunarmál til heimtu eftirstöðva skulda samkvæmt þeim. Stefndu í áskorunarmálinu voru aðalskuldari bréfanna svo og áfrýjandi og stefndi, en hinir síðarnefndu höfðu tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á skuldunum, þegar bréfin voru gefin út. Áskorunarstefna var árituð 2. júlí 1991 um greiðsluskyldu aðalskuldarans og stefnda, en ekki tókst að birta stefnuna fyrir áfrýjanda. Stefndi greiddi að fullu eftirstöðvar skuldabréfanna til eiganda þeirra 17. desember 1992 með samtals 513.815,50 krónum. Krefur stefndi í máli þessu áfrýjanda um helming þeirrar fjárhæðar, 256.907,75 krónur, ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði.

Þegar stefndi leysti til sín skuldabréfin 17. desember 1992, voru kröfurnar samkvæmt þeim á hendur honum enn í gildi. Fyrningarfrestur endurgjaldskröfu hans gagnvart áfrýjanda vegna greiðslu skuldabréfanna hófst ekki fyrr en þann dag, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Var hún ekki fallin niður fyrir fyrningu, þegar áfrýjanda var birt stefna í málinu í maí 1996, sbr. 4. tölul. 3. gr. sömu laga. Áfrýjandi hefur ekki

andmælt sérstaklega fjárhæð höfuðstóls dómkröfu stefnda, og verður hún því tekin til greina. Hins vegar mótmælti áfrýjandi dráttarvaxtakröfu stefnda. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, verður ekki séð, að stefndi hafi haft uppi kröfu á áfrýjanda fyrr en með greiðsluáskorun, sem birt var 2. október 1995. Verða dráttarvextir því dæmdir frá 2. nóvember 1995, sbr. 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Samkvæmt þessu verður héraðsdómur staðfestur.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Hjálmarsson, greiði stefnda, Ragnari Valgeirssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. nóvember 1996.

I.

Mál nr. E-620/1996, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. nóvember 1996, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness af Ragnari Valgeirssyni, kt. 130949-2159, Vogabraut 46 á Akranesi, með stefnum, birtum 9. maí 1996, á hendur Ingimundi Markússyni, kt. 250931-4779, Heiðartúni 4 í Garði, Jóni Hjálmarssyni, kt. 130951-3179, Skagabraut 36 í Garði, og Halldóri J. Árnasyni fyrir hönd Sparisjóðs Kópavogs, kt. 610269-2769, Digranesvegi 10 í Kópavogi, vegna útibúsins að Engihjalla 8 í Kópavogi.

Stefnandi gerir þá kröfu á hendur stefnda Ingimundi, að hann verði dæmdur til að greiða stefnanda 513.815 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. desember 1992 til greiðsludags, þar af 256.907,75 kr. in solidum með stefnda Jóni Hjálmarssyni. Á hendur stefnda Jóni gerir stefnandi þá kröfu, að hann verði dæmdur til að greiða stefnanda 256.907,75 kr. samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. desember 1992 til greiðsludags in solidum með stefnda Ingimundi. Á hendur réttargæslustefnda gerir stefnandi þá kröfu, að hann gæti réttar síns í málinu. Í öllum tilvikum gerir stefnandi þá kröfu, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér málskostnað að skaðlausu með virðisaukaskatti.

Stefndi Jón gerir þá kröfu aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi greiði sér málskostnað að skaðlausu að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Til vara gerir stefndi Jón kröfu um, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla. Af hálfu réttargæslustefnda er gerð

krafa um, að réttargæslustefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi greiði sér málskostnað að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Við þingfestingu málsins varð útvíst af hálfu stefnda Ingimundar, og hefur hann ekki látið til sín taka í málinu.

II.

Málsatvik eru þau, að 22. maí 1986 gaf stefndi Ingimundur út tvö skulda-bréf, hvort að fjárhæð 150.000 kr., til Konráðs Júlíussonar. Bréfin voru samhljóða. Skyldu þau bera 15,5% ársvexti og greidd með sex afborgunum á fjögurra mánaða fresti, í fyrsta skipti 25. september 1986. Lánveitanda var heimilt að lækka eða hækka vexti á lánstímanum til samræmis við þá vexti, sem „sparisjóðurinn“ veitti á hverjum tíma. Stefnandi, stefndi Jón og Ásgeir hf. tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á greiðslum samkvæmt bréfunum. Upphaflegur eigandi bréfanna, Konráð Júlíusson, fram-seldi bréfin með ódagsettu framsali til handhafa.

Í stefnu og greinargerðum kemur fram, að vanskil hafi orðið á bréfunum 25. janúar 1988 og höfuðstóll bréfanna verið gjaldfelldur í framhaldi þess. Eftir þetta hafi þáverandi eigandi bréfanna, réttargæslustefndi, höfðað áskorunarmál á hendur stefnda Ingimundi, stefnda Jóni og stefnanda til heimtu bréfanna. Ásgeiri hf. var ekki stefnt í mál þetta, þar sem félagið mun hafa verið hætt störfum. Í stefnu segir, að birting áskorunarstefnu fyrir stefnda Jóni hafi ekki tekist. Hinn 2. júlí 1991 var áskorunarstefna því árituð um greiðsluskyldu stefnda Ingimundar og stefnanda. Gert var fjárnám hjá stefnanda á grundvelli áritunarinnar. Innleysti hann bæði bréfin til sín 17. desember 1992 með greiðslu, að fjárhæð 531.815,50 kr. Stefnandi vildi í framhaldi þessa endurkrefja stefnda Ingimund og stefnda Jón um greiðslu. Þar sem frumrit bréfanna höfðu glatast, var höfðað mál til ógildingar bréfanna, og var ógildingardómur kveðinn upp í Héraðsdómi Vesturlands 26. september 1995. Greiðsluáskoranir voru birtar fyrir stefndu 2. október 1995.

III.

Stefnandi reisir málatilbúnað sinn á framangreindum skuldabréfum. Hann telur kröfur sínar á hendur stefndu ekki fyrndar, hvorki kröfu um, að stefndi Ingimundur greiði sér allt það fé ásamt vöxtum og kostnaði, sem hann þurfti að reiða fram, né kröfu um, að stefndi Jón greiði sér helming af fjárhæð sömu greiðslu. Stefnandi vísar til meginreglna kröfu- og samningaréttar um efnidir fjárskuldbindinga og að gerða samninga skuli halda. Jafnframt vísar stefnandi til reglna kröfuréttar um endurgreiðslurétt ábyrgðarmanns á hendur aðalskuldara og meðábyrgðarmönnum. Þá vísar

stefnandi til fyrningarlaga nr. 14/1905, aðallega 4. tl. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 5. gr. og 14. gr. Um dráttarvexti vísar stefnandi til vaxtalaga nr. 25/1987, sérstaklega III. kafla. Í munnlegum málflutningi studdi stefnandi upphafstíma dráttarvaxta þeim rökum, að þann drátt, sem varð á innheimtuaðgerðum stefnanda, megi rekja til vanrækslu fyrirverandi lögmanns síns og sé stefnanda sjálfum afsakanlegur. Um málskostnað vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Stefndi Jón rökstyður sýknukröfu sína svo, að samkvæmt 5. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905 hafi fyrningarfræstur á ábyrgðarloforði sínu byrjað að líða, þegar vanskil urðu á bréfunum 25. janúar 1988. Samkvæmt 4. tl. 3. gr. sömu laga fyrnist krafan á fjórum árum. Sér hafi hvorki verið birt stefna né fyrningu slitið á lögmætan hátt. Krafa réttargæslustefnda hafi því verið fyrnd 25. janúar 1992. Stefnandi hafi leyst til sín skuldabréfin 27. desember 1992, 11 mánuðum eftir að krafan varð fyrnd á hendur stefnda Jóni. Stefnandi hafi ekki getað öðlast meiri rétt á hendur sér en framseljandi átti samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Stefnandi Jón geti borið þessa mótbáru fyrir sig, jafnvel þótt bréfin beri það ekki með sér. Varakröfu sína um lækun styður stefndi Jón þeim rökum, að stórkostlegt tómlæti hafi orðið af hálfu stefnanda, þar sem um 33 mánuðir hafi liðið, frá því að stefnandi leysti til sín skuldabréfin, þar til hann sendi stefnda Jóni greiðsluáskorun. Um sjö ár og fimm mánuðir hafi liðið, frá því að krafan varð gjaldkræf á hendur stefnda Jóni, þar til fyrningu var slitið með stefnubirtingu 9. maí 1995. Stefnandi vísar til fyrningarlaga nr. 14/1905, aðallega 4. tl. 3. gr., og um málskostnað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Í greinargerð réttargæslustefnda kemur fram, að ekki verði séð, að nauðsyn hafi borið til að réttargæslustefna réttargæslustefnda. Réttargæslustefnda verði ekki um það kennt, að stefnandi glataði rétti sínum gagnvart samskuldurum sínum. Hér sé öðru fremur um að ræða tómlæti stefnanda sjálfs. Liðið hafi sautján mánuðir, frá því að áskorunarstefna hafi verið árituð og þar til stefnandi hafi leyst til sín bréfin, en þann dag hafi verið liðin þrjú ár og fjórir mánuðir frá gjaldfellingu bréfanna.

IV.

Stefnandi, stefndi Jón og Ásgeir hf. tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á tveimur skuldabréfum, hvoru að fjárhæð 150.000 gkr., út gefnum af stefnda Ingimundi 22. maí 1986. Dómari leggur til grundvallar, að það sé óskráð meginregla íslensks kröfuréttar, að takist fleiri aðilar sameiginlega á

herðar fulla sjálfskuldarábyrgð in solidum, eigi sá ábyrgðarmaður, sem staðið hefur kröfuhafa skil kröfunnar vegna vanskila aðalskuldara, sjálfstæðan endurkröfufétt að tiltölu á hendur meðábyrgðarmönnum sínum, sé ekki um annað samið. Þetta réttarsamband ábyrgðarmanna telur dómari vera óháð því, hvernig og að hverjum ábyrgðarmanna kröfuhafi kýs að ganga til fullnustu kröfu sinnar. Samkvæmt 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuféttinda fyrnist krafa samskuldara á hendur meðskuldunaut á fjórum árum. Upphaf fyrningartíma þykir eiga að telja, frá því að krafa varð gjaldkræf í raun og veru í samræmi við 2. mgr. 5. gr. sömu laga.

Stefnandi öðlaðist fyrst gjaldkræfa kröfu á hendur stefnda Jóni sem samskuldara sínum, þegar hann innleysti framangreind skuldabréf úr höndum réttargæslustefnda 17. desember 1992. Samkvæmt framansögðu byrjaði þá fjögurra ára fyrningarfrestur að líða. Var sá frestur ekki liðinn, þegar mál þetta var höfðað á hendur stefnda Jóni 9. maí 1996. Þykir það ekki haggá við þessari niðurstöðu, að krafa réttargæslustefnda á hendur stefnda Jóni sem ábyrgðarmanni var fallin niður fyrir fyrningu, þegar stefnandi innleysti kröfuna úr hendi réttargæslustefnda 17. desember 1992. Samkvæmt framansögðu eru ekki efni til að fallast á kröfu stefnda Jóns um sýknu af kröfu stefnanda.

Í málinu liggur fyrir, að Ásgeir hf., samábyrgðarmaður stefnanda og stefnda Jóns, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 12. febrúar 1993. Ekki er fram komið, að kröfum samkvæmt framangreindum skuldabréfum hafi verið lýst í þrotabúið eða greiðsla fengist í umræddar kröfur af eignum búans. Þykir þannig nægilega fram komið, að Ásgeir hf. muni ekki geta innt af hendi greiðslur samkvæmt framangreindum skuldabréfum. Verður því fallist á kröfu stefnanda um, að stefndi Jón greiði honum 256.907,75 kr., en sú fjárhæð hefur ekki sætt sérstökum andmælum. Í málinu er ekki annað fram komið en stefnandi hafi fyrst krafið stefnda Jón um greiðslu með greiðsluáskorun, sem birt var honum 2. október 1995. Ekkert er komið fram í málinu um, að þann drátt, sem varð á innheimtu- aðgerðum stefnanda, sé að rekja til atvika, er varða stefnda Jón. Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 verða dráttarvextir einungis dæmdir frá 2. nóvember 1995 að telja.

Af hálfu stefnda Ingimundar hefur ekki verið sótt þing í máli þessu. Með því að kröfur stefnanda á hendur stefnda Ingimundi eru í samræmi við fram lögð gögn og ekki eru þeir gallar á málinu, sem þyki varða frávisun þess ex officio, verður stefndi Ingimundur dæmdur til að greiða stefnanda 513.815 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. desember 1992 að telja.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 110.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, 20.825 kr. Ekki þykja efni til að fallast á málskostnaðarkröfu réttargæslustefnda.

Ólöf Pétursdóttir dómstjóri kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Ingimundur Markússon greiði stefnanda, Ragnari Valgeirsyni, 513.815 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. desember 1992 til greiðsludags.

Stefndi Jón Hjálmarsson greiði stefnanda in solidum með stefnda Ingimundi 256.907,75 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 2. nóvember 1995 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda in solidum málskostnað, 110.000 kr.

Kröfu réttargæslustefnda um málskostnað er hafnað.
